



1551. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
4.9.2013, kl. 11:30

1. Fundargerð 1550. fundar

Samþykkt.

2. Reglur ÍBR og ÍTR um styrki til æfinga og keppni

Hafa verið samþykktar af báðum aðilum. ÍTR áréttar mikilvægi þess að samfella sé sem mest í starfi skóla og íþróttafélaga, tímasetning á æfingum ungmenna séu í takti við skólatímamann og ekki of seint á daginn. Sent verði erindi til aðildarfélaga þar sem tekið er undir tilmælin og félögin hvött til að skipuleggja starf sitt eins og kostur er í samræmi við þau.

3. Alþjóðaleikar ungmenna

Voru haldnir um miðjan ágúst í Windsor, Kanada. Reykjavík sendi körfuboltalið drengja til þátttöku og stóðu þeir sig með sóma. Frímenn var endurkjörinn í stjórn leikanna. Næstu leikar verða í Lake Macquarie í Ástralíu desember 2014 (sumargreinar), Alkmaar í Hollandi í júní 2015 og vetrarleikar í Innsbruck Austurríki 2016. Rætt hvort sleppa eigi þátttöku í leikunum í Ástralíu og senda þess í stað stærra lið til Hollands um hálfu ári síðar.

4. Kynning íþróttafélaga í skólum – staða mála

Formaður sendi ítrekunarerindi en enn liggur ekki fyrir fundartími með skóla- og frístundasviði Rvk.

5. Íþróttamannvirki í Reykjavík

Umræður.

6. Sameining/samstarf félaga

Samanber tillögu ÍTR verður skipuð nefnd um málið. Í henni sitja framkvæmdastjórar ÍTR og ÍBR og fulltrúar sömu aðila. Samþykkt að Ingvar verði fulltrúi stjórnar ÍBR.

7. Aðildarumsókn keilufélagsins Brautarinnar

Afgreiðslu frestað.

8. Önnur mál

- Fundaplan stjórnar, samþykkt að gera ráð fyrir miðvikudögum kl. 11:30. Alla jafna fundað á tveggja vikna fresti nema aðstæður kalli á tíðari fundi.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 12:30.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari